

Helstu aðgerðir og viðbrögð efnahags- og viðskipta- ráðuneytisins og stofnana þess í kjölfar bankahrunsins

I. Frumvörp og aðgerðir ráðuneytisins.

Lög vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði (Neyðarlögin):

Viðskiptaráðuneytið vann að lagafrumvarpi vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði, sem forsætisráðherra flutti þann 6. október 2008 og var samþykkt sem lög frá Alþingi sama kvöld. Með lögnum voru stjórnvöldum fengnar nauðsynlegar heimildir til að grípa til aðgerða í því skyni að takmarka tjón eða hættu á tjóni á fjármálamarkaði og Fjármálaeftirlitinu veitt heimild til að grípa inn í starfsemi fjármálafyrirtækja með víðtækum hætti vegna sérstakra aðstæðna eða atvika.

<http://www.vidskiptaraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/2799>

Frysting myntkörfulána

Viðskiptaráðuneytið hlutaðist til um að beina þeim tilmælum ríkisstjórnarinnar til viðskiptabankanna í eigu ríkisins, að frystar yrðu afborganir skuldara á myntkörfulánum, sérstaklega vegna húsnæðislána, þar til ró kæmist á gjaldeyrismarkaðinn. Einnig var þeim tilmælum beint til sömu aðila að fólki í greiðsluferfiðleikum yrðu boðin sömu úrræði og til staðar eru hjá Íbúðalánasjóði vegna greiðsluferfiðleika. Auk þess var óskum beint til annarra fjármálafyrirtækja að veita sömu fyrirgreiðslu.

<http://www.vidskiptaraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/2801>

Tilmælin voru síðar ítrekuð:

<http://www.vidskiptaraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/2809>

Breytingar á lögum um gjaldeyrismál

Viðskiptaráðherra mælti fyrir frumvarpi um breytingar á lögum um gjaldeyrismál að kvöldi 27. nóvember 2008. Var frumvarpið samþykkt sem lög frá Alþingi síðar um nóttina. Með lögnum var Seðlabanka Íslands veitt tímabundin heimild til að gefa út reglur, með samþykki viðskiptaráðherra, um takmörkun á tilteknum fjármagnshreyfingum sem ekki snerta viðskipti með vörur og þjónustu. Heimild Seðlabanka

Íslands er tímabundin og nær gildistími hennar til sama tíma og efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóða gjaldeyrissjóðsins eða til 30. nóvember 2010. Þess er vænst að hömlur á fjármagnshreyfingar gildi í sem skemmstan tíma.

Lögin um gjaldeyrismál voru hert frekar með lögum nr. 27/2009 um breytingar á lögum um gjaldeyrismál frá 31. mars 2009 og lögum nr. 73/2009 frá 14. júlí 2009. Þá voru reglur Seðlabankans styrktar með reglum, dags. 30. október 2009. Þá var jafnframt stigið fyrsta skref í afnámi haftanna, með því að heimila innstreymi erlends gjaldeyris til nýfjárfestinga og útstreymi gjaldeyris sem kann að leiða af því í framtíðinni

<http://www.vidskiptaraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/2818>

<http://www.althingi.is/altxt/stjt/2009.027.html>

<http://www.althingi.is/altxt/stjt/2009.073.html>

<http://www.sedlabanki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=7370>

Óskað eftir aðgangi að rannsóknargögnum

Viðskiptaráðherra skrifaði stjórnvöldum í Lúxemborg bréf, 10. desember 2008, þar sem óskað var eftir því við stjórnvöld í Lúxemborg að þau myndi veita öllum þeim aðilum sem hafa með rannsókn á falli íslensku bankanna að gera og aðdraganda þess nauðsynlegan aðgang að gögnum sem því tengjast og geta verið að finna í dótturfélögum íslensku bankanna þar í landi.

<http://www.vidskiptaraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/2823>

Dráttarvextir lækkaðir

Viðskiptaráðherra flutti frumvarp til laga um breytingar á lögum um vexti og verðtryggingu sem var samþykkt sem lög frá Alþingi í desember 2008. Samkvæmt lögnum voru dráttarvextir lækkaðir um áramót. Dráttarvextir miðast skv. lögnum við 7% álag ofan á algengustu skammtímalán Seðlabankans til lánastofnana en áður kváðu lögin á um að dráttarvextir skyldu vera 11% álag ofan á algengustu skammtímalán Seðlabankans. Heimild Seðlabanka til að ákveða annað vanefndaálag ofan á viðmiðunarvexti var felld brott, en eldri lög kváðu á um heimild til að ákvarða álag vegna dráttarvaxta frá 7%-15%. Þá var kveðið á um að Seðlabankinn skyldi birta dráttarvexti 1. dag hvers mánaðar í stað tvisvar á ári.

<http://www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=136&mnr=237>

Aukið gagnsæi í störfum Fjármálaeftirlitsins

Efnahags- og viðskiptaráðherra lagði fram á Alþingi frumvarpi til laga um breytingar á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998 og lögum um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007. Í frumvarpinu var gerð tillaga um að Fjármálaeftirlitinu yrði veitt heimild til að greina frá niðurstöðum mála og athugana sem byggðist á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998. Markmið með frumvarpinu var að auka gagnsæi í störfum Fjármálaeftirlitsins. Frumvarpið var samþykkt 17. mars 2009 sem lög frá Alþingi.

<http://www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=136&mnr=358>

Reglugerð sett um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar.

Í janúar 2009 var sett reglugerð um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar. Kjarni reglugerðarinnar er að sett er þak á þá fjárhæð sem krefja má skuldara um við innheimtu gjaldfallinna peningakrafna fyrir aðra eða vegna eigin starfsemi.

<http://www.vidskiptaraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/2835>

Endurskoðun á lögum um slit fjármálafyrirtækja

Þann 13. nóvember 2008 var frumvarp viðskiptaráðherra til breytinga á lögum um fjármálafyrirtæki samþykkt á Alþingi sem lög nr. 129/2008. Í lögnum voru gerðar breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki sem nauðsynlegar voru til að auðvelda fjármálafyrirtækjum sem Fjármálaeftirlitið hafði tekið yfir stjórn í, á grundvelli laga nr. 125/2008, að fá heimild til greiðslustöðvunar. Þá voru gerðar breytingar á ýmsum atriðum sem sneru að greiðslustöðvun fjármálafyrirtækja.

Í kjölfarið var gerð heildarendurskoðun á ákvæðum laga um slit fjármálafyrirtækja, sjá:

<http://www.althingi.is/dba->

[bin/ferill.pl?ltg=136&mnr=119](http://www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=136&mnr=119)<http://www.althingi.is/altext/136/s/0693.html>.

Einnig var málshöfðunarfrestur vegna riftana lengdur úr 6 mánuðum í 24 mánuði með lögum nr. 125/2009, sjá:

<http://www.althingi.is/altext/stjt/2009.125.html>

Frumvarp til laga um breytingar á hlutafélagalögum og einkahlutafélagalögum.

Viðskiptaráðherra lagði fram frumvarp til laga um breytingar á lögum um hlutafélög og einkahlutafélög á 137. og 138. löggjafarþingi. Með frumvarpinu voru lagðar til breytingar á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, og lögum um einkahlutafélög, nr. 138/1994. Snertu tillögurnar eignarhald, kynjahlutföll í stjórnnum og meðal starfsfólks og framkvæmdastjóra og starfandi stjórnarformenn. Markmið með frumvarpinu var að auka gagnsæi um eignarhald og atkvæðisrétt í hlutafélagum, að kynjahlutföll í stjórnnum og meðal starfsfólks verði sem jöfnust og að stjórnarformönnum verði ekki unnt að starfa fyrir félagið. Frumvarpið var samþykkt sem lög frá Alþingi í mars 2010.

<http://www.althingi.is/altext/138/s/0071.html>

Endurskoðun á lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði

Frumvarp til laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði hefur verið lagt fram á Alþingi. Er frumvarpinu ætlað að koma í stað gildandi laga um sama efni frá 2003. Í frumvarpinu er m.a. lagt til að skilyrði fyrir afturköllun á heimild til starfrækslu verðbréfa- og fjárfestingarsjóðs verði rýmkuð, ráðherra fái heimild til að kveða í reglugerð á um afmörkun fjárfestingarstefnu verðbréfasjóðs, auknar kröfur verði gerðar um óhæði rekstrarfélaga og að strangari reglur gildi um fjárfestingar í fjármálagerningum tengdra aðila. Kveðið er á um að peningamarkaðssjóðir teljist til verðbréfasjóða en ekki fjárfestingasjóða og hafi því þrengri heimildir til fjárfestinga en er samkvæmt gildandi lögum. Auk þess er lagt til í frumvarpinu að tekið verði upp lágmarkseftirlit með fagfjárfestingsjóðum og mælt fyrir um skráningu slíkra sjóða.

<http://www.althingi.is/altext/138/s/0295.html>

Frumvarp til laga um breytingar til að vernda minnihluta í hlutafélagum

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið fékk Lagastofnun Háskóla Íslands til að vinna fyrir ráðuneytið skýrslu um minnihlutavernd í hlutafélagum og einkahlutafélagum. Skýrslunni fylgdu frumvarpsdrög. Frumvarp sem byggt er á skýrslunni hefur verið lagt fram á Alþingi og bíður nú umræðu.

Tilgangur breytinganna er styrkja vernd minnihluta og veita valdi meirihlutans mótvægi. Hluthafi getur nú krafist þess að félagið innleysi hlut hans til þess að honum verði kleift að losna úr félaginu ef t.d. stjórn eða framkvæmdastjóri félags hefur brotið gegn hagsmunum félagsins, annar hluthafi hefur misbeitt áhrifum sínum eða djúpstæður og langvarandi ágreiningur hefur risið milli hluthafans og annarra hluthafa.

Takmörkuð er heimild stjórnar í hlutafélögum þar sem hlutir hafa verið teknir til viðskipta á verðbréfamarkaði til þess að ákveða fjárhæð sem félagið má reiða fram sem endurgjald fyrir kaupum á eigin hlutum eða verð við sölu.

Einnig verður hluthöfum heimilt að hafa með sér ráðgjafa á hluthafafundi og hafa þeir málfrelsi. Þá er rýmkuð heimild til að krefjast aukafundar, þannig að nú þarf aðeins atkvæði þeirra sem eiga 5% hlutfjár til að fara fram á fund. Önnur ákvæði frumvarpsins taka meðal annars til upplýsingaskyldu stjórna og lengingu á lágmarksfresti til boðunar hluthafafunda.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki

Í kjölfar efnahagsáfallsins fengu stjórnvöld Kaarlo Jännäri, fyrrverandi forstjóra finnska fjármálaeftirlitsins, til þess að meta stöðu lagaumhverfisins og gera tillögur um það sem bæta mætti, auk þess sem fylgst hefur verið með þróun á alþjóðavettvangi, en þó einkum innan Evrópusambandsins, hvað varðar hugmyndir um endurbætur á lagaumgjörð fjármálafyrirtækja. Þótt meginniðurstaða Kaarlo Jännäri hafi verið sú að íslensk lagaumgjörð fjármálafyrirtækja væri áþekk því sem annars staðar er í ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins lagði hann til nokkrar breytingar.

Efnahags- og viðskiptaráðherra hefur lagt fram frumvarp til laga um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki sem tekur m. a. mið af niðurstöðum Jännäri.

Meginbreytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru:

- Auknar eftirlitsheimildir Fjármálaeftirlitsins.
- Aukin ábyrgð og hlutverk innri endurskoðunardeilda.
- Aukin ábyrgð og virkni áhættustýringar.
- Halda skal sérstaka skrá um stærri lántakendur.
- Bann við því að veitt séu lán tryggð með veði í hlutabréfum eða stofnfjárbréfum viðkomandi lánveitanda.
- Miklar takmarkanir, m.a. um tryggingar, á lánveitingum til stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og annarra lykilmanna
- Hert verða ákvæði um útreikninga á stórum áhættuskuldbindingum.
- Skýrð verða betur þau viðmið sem Fjármálaeftirlitið skal hafa til hliðsjónar við mat á þeim sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki.
- Lagt er til að óheimilt verði að vera með starfandi stjórnarformann í fjármálafyrirtæki.
- Auknar hæfis- og óhæðiskröfur verða gerðar til stjórnarmanna og framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækja.

- Heimildir til hvatakerfis (kaupaukakerfi) verða takmarkaðar og settar í ákveðinn farveg.
- Heimildir til að gera starfslokasamninga verða takmarkaðar.
- Þrengdar verði heimildir fjármálafyrirtækja við útreikning á eiginfjárgrunni.
- Starfstími endurskoðunarfyrirtækis fyrir fjármálafyrirtæki verður takmarkaður við fimm ár.

<http://www.althingi.is/altext/138/s/0614.html>

Frumvarp til laga um innstæðutryggingar og tryggingarkerfi fyrir fjárfesta.

Efnahags- og viðskiptaráðherra lagði í desember 2009 fram á Alþingi frumvarp til laga um innstæðutryggingar og tryggingarkerfi fyrir fjárfesta.

Tilgangur frumvarpsins er að innleiða breytingar á tryggingarkerfinu til samræmis við breytingar á regluverki Evrópusambandsins. Þá kalla þær ábyrgðir sem fallið hafa á Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta á heildarendurskoðun á lögunum.

Verði frumvarpið að lögum hefur það engin áhrif á fyrri og ítrekaðar yfirlýsingar ríkisstjórna um að innstæður í innlendum viðskiptabönkum og sparissjóðum og útibúum þeirra hér á landi séu tryggðar að fullu.

<http://www.althingi.is/altext/138/s/0291.html>

Frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi.

Efnahags- og viðskiptaráðherra lagði í desember 2009 fram á Alþingi frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi. Auk þess að innleiða ákvæði endurtryggingatilskipunar Evrópusambandsins og tilskipunar Evrópusambandsins um reglur um málsmeðferð og viðmiðanir vegna varfærismats við yfirtökur og aukningu eignarhlutdeildar í fjármálageiranum eru í frumvarpinu lagðar til breytingar til samræmis við breytingar sem lagðar eru til í frumvarpi til laga um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki.

<http://www.althingi.is/altext/138/s/0254.html>

Eftirlitsnefnd með framkvæmd sértækrar skuldaaðlögunar.

Alþingi samþykkti í október 2009 lög um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins, nr. 107/2009. Í kjölfarið skipaði efnahags- og viðskiptaráðherra eftirlitsnefnd um framkvæmd sértækrar skuldaaðlögunar, sbr. 4. gr. laganna. Í nefndinni eiga sæti þrír sérfræðingar, María Thjell forstöðumaður lagastofnunar Háskóla Íslands (formaður), Sigríður Ármannsdóttir endurskoðandi og

Þórólfur Matthíasson prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands. Eftirlitsnefndin skal fylgjast með og kanna að eigin frumkvæði hvort eftirlitsskyldir aðilar á fjármálamarkaði framfylgja samræmdum reglum sem settar hafa verið á grundvelli laganna.

Nefndin skilaði áfangaskýrslu um störf sín til ráðherra í mars og er stefnt að því að hún verði kynnt Alþingi um leið og tók eru á. Önnur áfangaskýrsla nefndarinnar er væntanleg í byrjun júlí 2010.

Reglugerð um störf eftirlitsnefndar skv. lögum nr. 107/2009

Ráðherra hefur undirritað reglugerð um störf eftirlitsnefndar samkvæmt lögum nr. 107/2009 um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins í samráði við hagsmunaaðila.

Í reglugerðinni er hlutverk eftirlitsnefndarinnar skýrt nánar auk þess sem sérstakt ákvæði er að finna um eftirlit með endurskipulagningu fyrirtækja á vegum fjármálafyrirtækja. Þá er í reglugerðinni gerð ráð fyrir að eftirlitsnefndin birti ársfjórðungslega greinargerð með tölfræðilegum upplýsingum um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja á vegum fjármálafyrirtækja.

Efnahagsáætlun íslenskra stjórnvalda með stuðningi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins

Í kjölfar bankahrunsins í byrjun október 2008 ákvað ríkisstjórnin eins og kunnugt er að leita til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) um fjárhagslega fyrirgreiðslu. Meginmarkmið efnahagsáætlunar ríkisstjórnarinnar er að endurvekja traust á íslenskum efnahag með það að markmiði að tryggja á ný öflugan en sjálfbæran hagvöxt og kaupmáttaraukningu almenningi til handa. Höfuðverkefni áætlunarinnar hafa í fyrsta lagi verið að ná stöðugu gengi krónunnar, í öðru lagi að styrkja stöðu ríkissjóðs og í þriðja lagi að endurreisa íslenskt bankakerfi. Skuldavandamál heimila og fyrirtækja og áhrif þeirra á hagkerfið hafa í auknum mæli orðið mikilvægur þáttur áætlunarinnar. Efnahagsáætlunin miðar að því að samræma hagstjórnarverkefni ólíkra ráðuneyta og stofnana og samskipti við erlenda samstarfsaðila. Samstarf Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins felur í sér lánveitingu frá sjóðnum að andvirði rúmlega 2 milljarða Bandaríkjadala en jafnframt hefur verið samið um fjárhagslega fyrirgreiðslu frá Norðurlöndum og Póllandi upp á tæplega 3 milljarðar Bandaríkjadala. Yfirumsjón með þessari samstarfsáætlun var í upphafi í forsætisráðuneytinu en hefur nú verið flutt í efnahags- og viðskiptaráðuneytið þar sem efnahagsskrifstofa ráðuneytisins sinnir þessu verkefni.

Aðgerðir til að létta skuldavanda heimila og fyrirtækja

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið hefur unnið að lausnum á skuldavanda heimila og fyrirtækja í samvinnu við önnur ráðuneyti og stofnanir. Þannig hefur ráðuneytið tekið þátt í vinnu á vegum ráðuneytisins, félags- og tryggingamálaráðuneytisins og dóms- og mannréttindamálaráðuneytisins á þessu sviði, sem hefur m. a. leitt til samkomulags um greiðslujöfnun gengistryggðra fasteignaveðlána einstaklinga.

Þá er eftirlitsnefnd um sértækja skuldaaðlögun skipuð af efnahags- og viðskiptaráðherra, sbr. lög nr. 107/2009. Eftirlitsnefndin hefur það hlutverk að fara yfir vinnubrögð fjármálafyrirtækja og hefur ríkar heimildir til þess að sjá og rannsaka gögn.

Hefur ráðuneytið einnig átt fjölda funda með fjármálafyrirtækjum til að fara yfir hvernig þau eru að vinna að lausnum á skuldavanda fyrirtækja og einstaklinga.

Þann 21. mars 2010 lagði ráðherra fram frumvarp í ríkisstjórn til laga um rannsókn á fjárhagsstöðu skuldugra heimila sem haldið verður áfram í 1-2 ár. Þessari rannsókn er ætlað að styðja mat á áhrifum úrræða til stuðnings skuldsettum heimilum og alla ákvarðanatöku opinberra aðila á þessu sviði.

Markmið frumvarpsins er að tryggja ráðuneytinu aðgang að þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að greina skuldir heimilanna. Allar upplýsingar verða gerðar ópersónugreinanlegar og ekki verður um varanlegt gagnasafn að ræða. Gert er ráð fyrir að viðvarandi söfnun upplýsinga geti staðið yfir í allt að 1-2 ár og að allri úrvinnslu verði lokið innan þriggja ára hið mesta.

Ráðuneytið gerir ráð fyrir því að hrinda rannsókninni af stað um leið og frumvarpið er orðið að lögum og að fyrstu niðurstöður liggi fyrir eins fljótt og auðið er.

Auknar heimildir Samkeppniseftirlitsins til að skipta upp fyrirtækjum

Efnahags- og viðskiptaráðherra hefur lagt fram frumvarp á Alþingi um breytingar á samkeppnislögum. Verði frumvarpið að lögum fær Samkeppniseftirlitið nýjar og víðtækari heimildir til að grípa inn í starfsemi fyrirtækja eða markaði, m.a. með því að skipta upp markaðsráðandi fyrirtæki ef samkeppni er takmörkuð eða hefur verið raskað.

Samkvæmt frumvarpinu, sem fjallar um breytingar á samkeppnislögum nr. 44/2005, verður Samkeppniseftirlitinu heimilt að beita nauðsynlegum úrræðum til að breyta atferli eða skipulagi fyrirtækja sem með háttsemi eða vegna aðstæðna á markaði koma í veg fyrir, takmarka eða raska samkeppni. Þannig er heimilt að beita þessu ákvæði ef skipulag eða uppbygging fyrirtækis hamlar samkeppni, eða ef athafnir

eða athafnaleysi fyrirtækisins gera slíkt hið sama. Beita má ákvæðinu þrátt fyrir að ekki sé brotið gegn bannákvæðum samkeppnislaganna.

Ljóst er að fyrirtæki geta verið í slíkri yfirburðastöðu á markaði að tilvist þeirra í óbreyttu formi útiloki eða takmarki samkeppni – þrátt fyrir að ekki hafi átt sér stað samruni eða brot fyrirtækisins á bannreglum samkeppnislaganna. Sú röskun sem getur leitt af framangreindu getur verið jafn alvarleg fyrir neytendur og brot á samkeppnislögunum og verður með þessu frumvarpi innleidd ný úrræði fyrir samkeppnisyfirvöld til að bregðast við.

II. Aðgerðir stofnanna efnahags- og viðskiptaráðuneytisins.

Aðgerðir Fjármálaeftirlitsins

Mikil uppstokkun hefur farið fram innan Fjármálaeftirlitsins frá falli stóru bankanna þriggja í október 2008. Ný stjórn tók við í febrúar 2009 og nýr forstjóri kom til starfa í apríl sama ár. Gerðar hafa verið umtalsverðar breytingar á skipuriti Fjármálaeftirlitsins sem miða að því að gera eftirlitið skilvirkara og auka slagkraft í eftirlitsframkvæmdinni. Starfsfólki hefur verið fjölgað um tæplega fimmtung frá því sem var í október 2008. Meðal helstu breytinga á skipulagi Fjármálaeftirlitsins eru nýtt svið réttarreikningsskila og svið yfirlögfræðings. Réttarreikningskilasviði er ætlað að styrkja eftirlitskraft stofnunarinnar með því að vinna að dýpri og breiðari greiningu.

Fjármálaeftirlitið lagði mat á rekstrarhæfi og fjárhagsstöðu nýju bankanna eftir að hafa farið yfir viðskiptaáætlanir þeirra og fjármagnspörf. Liður í mati á bönkunum var að gera álagspróf sem mældi gjaldfærni þeirra og lausafé til að sjá hvort fjármögnun þeirra og fjárhagur væri fullnægjandi. Fjármálaeftirlitið lagði einnig mat á áhættustýringu og stjórnarhætti bankanna.

Alvarlegasta ógnin sem steðjar að nýju bönkunum, að mati Fjármálaeftirlitsins, er útlánaáhætta og lausafjárahætta. Útlánaáhættan stafar fyrst og fremst af óvissu um gæði útlána bankanna. Lausafjárahættan stafar meðal annars af óvissu um fjárstreymi frá eignum sem færðar hafa verið til þeirra og hversu mjög þeir eru háðir skammtíma fjármögnun með innlánnum. Fjármálaeftirlitið telur að vegna þess hve þessi áhætta er mikil dugi ekki að meta hlutfall eiginfjár einungis með hefðbundnum hætti enda er efnahagsreikningur nýju bankanna ekki með hefðbundnu sniði.

Eigið fé bankanna er þó hátt miðað við það sem þekkist alþjóðlega og herra en innri viðmið þeirra segja til um. Þá sýna álagspróf Fjármálaeftirlitsins að nýju bankarnir þola langvarandi efnahagslægd (e.

Prolonged Deep Recession) eins og hún er skilgreind af Fjármálaeftirlitinu í samvinnu við Seðlabanka Íslands. Til viðbótar þessu hófu nýju bankarnir rekstur með umtalsvert lausafé, það er stofnfé frá íslenska ríkinu. Þeir þola því að dráttur verði á því að fé fyrir eignir sem færðar hafa verið til þeirra skili sér samhliða því að útlán aukist.

Skoðun Fjármálaeftirlitsins á nýju bönkunum sýndi ákveðin frávik frá góðum starfsháttum varðandi stjórnun og áhættustýringu. Gerðar voru áætlanir um úrbætur fyrir alla bankana og er eftirfylgni Fjármálaeftirlitsins með framkvæmd þeirra komin á góðan reksþól.

Líkt og önnur fjármálaeftirlit vinnur Fjármálaeftirlitið að athugun á hæfi framkvæmdastjóra og stjórnarmanna eftirlitsskyldra aðila. Þá kröfu verður að gera til yfirstjórna þessara aðila að þess sé gætt að stjórnendur búi yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta sinnt starfi sínu á tilhlýðilegan hátt. Ennfremur að þeir hafi ekki sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að ætla að þeir misnoti aðstöðu sína eða skaði fyrirtækið.

Í byrjun árs 2010 lauk áfanga í endurreisn bankanna með því að Fjármálaeftirlitið veitti sérstökum eignarhaldsfélögum leyfi til að fara með virkan eignarhlut í viðskiptabönkunum þremur og var leyfið veitt með tilteknum skilyrðum.

Á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki og verðbréfavíðskipti rannsakar Fjármálaeftirlitið nú ýmis mál vegna gruns um brot á lögum sem gilda á fjármálamarkaði. Fjármálaeftirlitið hefur nú þegar vísað 32 málum til sérstaks saksóknara til frekari rannsóknar þar sem grunur er um að meiri háttar brot hafi átt sér stað. Einu máli hefur verið vísað til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra og fimm til embættis ríkissaksóknara. Þá hefur Fjármálaeftirlitið vísað tveimur til erlendra eftirlita.

Seðlabanki Íslands hefur eftirlit með að starfsemi aðila sé í samræmi við lög um gjaldeyrismál og reglur settar á grundvelli þeirra og Fjármálaeftirlitið rannsakar meint brot eftir tilkynningu frá bankanum. Fjármálaeftirlitið hefur fengið 28 mál til rannsóknar vegna meintra brota á lögum um gjaldeyrismál og reglum settum á grundvelli þeirra. Þar af hefur 9 málum verið vísað til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra. Önnur gjaldeyrismál eru á mismunandi stigi rannsóknar. Samkvæmt upplýsingum frá Seðlabanka Íslands á Fjármálaeftirlitið von á fjölda gjaldeyrismála.

Samkeppniseftirlit

Ákvarðanir um skilyrði vegna yfirtöku fjármálafyrirtækja á fyrirtækjum sem starfa á mikilvægum samkeppnismörkuðum

Með nýlegum ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins hefur fjármálafyrirtækjum verið sett skilyrði vegna yfirtöku þeirra á fyrirtækjum sem starfa á mikilvægum samkeppnismörkuðum. Eru skilyrðin sett til að draga úr samkeppnisröskun sem stafað getur af eignarhaldi banka á viðkomandi fyrirtækjum.

Strax í kjölfar bankahrunsins, eða í nóvember 2008, beindi Samkeppniseftirlitið tíu meginreglum um samkeppni til banka í eigu ríkisins, sem eftirlitið taldi að hafa þyrfti hliðsjón af við endurskipulagningu fyrirtækja. Þá birti Samkeppniseftirlitið í desember sl. umræðuskjal nr. 2/2009, Bankar og endurskipulagning fyrirtækja, þar sem fjallað er um skuldavanda íslenskra fyrirtækja og samkeppnisleg álitafni tengd honum. Úrskurður áfrýjunarnefndar nr. 18/2009, *Síminn gegn Samkeppniseftirlitinu*, sem féll í lok janúar á þessu ári, hefur einnig haft mikla þýðingu við úrlausn framangreindra mála. Samkvæmt úrskurðinum hefur Samkeppniseftirlitið heimild til að setja yfirtöku banka á atvinnufyrirtækjum skilyrði, enda þótt yfirtakan feli ekki í sér skörun á mörkuðum eða markaðsráðandi stöðu. Taldi áfrýjunarnefndin að óvenjulegar aðstæður í atvinnulífnum kölluðu á þessa heimild.

Þá hafði Samkeppniseftirlitið hliðsjón af ýmsum kvörtunum og ábendingum sem eftirlitinu hafa borist.

Samkeppniseftirlitið beindi tíu meginreglum um samkeppni til viðskiptabanka í eigu ríkisins

Þann 12. nóvember 2008 birti Samkeppniseftirlitið álit nr. 3/2008 um ákvarðanir banka og stjórnvalda um framtíð fyrirtækja á samkeppnismörkuðum. Í álitinu var því beint því til viðskiptabanka sem eru í eigu ríkisins að við töku ákvarðana er varða framtíð fyrirtækja verði höfð hliðsjón af þeim mikilvægu langtímahagsmunum almennings og viðskiptalífsins að virk samkeppni geti þrífist á sem flestum mörkuðum hér á landi. Beindi Samkeppniseftirlitið því til bankanna að hafa tiltekna meginreglur til hliðsjónar við slíkar ákvarðanir, en þær fjalla m.a. um að sú ráðstöfun sé valin sem raskar samkeppni sem minnst, að ekki sé stofnað til aukinnar fákeppni eða óæskilegra stjórnunar- og eignatengsla, heldur leitast við að draga úr slíku ástandi, að hagsmunir tveggja keppnauta séu ekki á hendi sömu aðila, að hlutlægni í ráðstöfun eigna sé tryggð, að skapaðir séu möguleikar fyrir nýja aðila til að koma inn á samkeppnismarkaði og dreifðara eignarhaldi fyrirtækja, að tilnefndur sé ábyrgðaraðili samkeppnismála sem hafi umsjón með samkeppnislegu mati á ráðstöfunum og að ferli við töku ákvarðana sé gegnsætt og skrásett. Þá lagði Samkeppniseftirlitið fyrir bankana að gera opinberlega grein fyrir ferlum og vinnureglum um þetta.

http://www.samkeppni.is/samkeppni/upload/files/samkeppniseftirlit/alit/2008/alit3_2008_akvardanir_ban_ka_og_stjornvalda_um_framtid_fyrirtækja.pdf

Skýrsla Samkeppniseftirlitsins um uppbyggingu og efling atvinnustarfsemi

Þann 27. nóvember 2008 birti Samkeppniseftirlitið skýrslu sína „Öflug uppbygging – opnun markaða og efling atvinnustarfsemi.“ Í skýrslunni, sem uppfærð var 25. júní 2009, eru settar fram rúmlega 90 hugmyndir og tillögur sem ætlað er að eyða eða draga úr hindrunum og skapa þannig forsendur fyrir öflugri atvinnurekstri og auknum möguleikum frumkvöðla og nýsköpunarfyrirtækja. Beinast tillögurnar bæði að opinberum aðilum og fyrirtækjum. Tillögur þessar byggja á athugun Samkeppniseftirlitsins og upplýsingum úr fyrri athugunum. Hefur athugunin m.a. falið í viðræðum við mörg fyrirtæki, hagsmunasamtök, opinbera aðila og fræðimenn við háskólana. Vinna við skýrsluna hófst strax eftir hrun viðskiptabankanna.

Í fréttatilkynningu sem birt var þann 25. júní sl., var greint frá því að Samkeppniseftirlitið hefði ráðist í margþættar aðgerðir sem miðuðu að því að opna markaði og efla atvinnustarfsemi, í framhaldi af útgáfu skýrslunnar Öflug uppbygging – opnun markaða og efling atvinnustarfsemi. Aðgerðirnar byggja á því mati sem fram kemur í skýrslunni, að teknu tilliti til umsagna og athugasemda sem fram hafa komið. Greint var frá því að um 40 mál eða athuganir væru til meðferðar eða í undirbúningi, sem tengdust beint þeim samkeppnishindrunum sem fjallað er um í skýrslunni. Væntanleg eru t.d. nokkur formleg álit til stjórnvalda sem byggja á skýrslunni.

http://www.samkeppni.is/samkeppni/upload/files/skyrslur/ymsar_skyrslur/oflug_uppbygging_opnun_mar_kada_og_efling_atvinnustarfsemi.pdf

Umræðuskjal Samkeppniseftirlitsins um banka og fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja

Samkeppniseftirlitið birti hinn 8. desember 2009 umræðuskjal nr. 2/2009 um banka og fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja. Í umræðuskjalinu er fjallað um skuldavanda íslenskra fyrirtækja og samkeppnisleg álitæfni tengd honum. Er viðfangsefni þetta afar mikilvægt og getur haft veruleg áhrif á þróun og uppbyggingu íslensks atvinnulífs.

Samkeppniseftirlitið setur fram, í 17 tölusetnum liðum, kjarnasjónarmið sem það telur að hafa eigi að leiðarljósi við endurskipulagningu atvinnufyrirtækja. Dreginn er lærdómur af reynslu annarra ríkja af áþekktum álitaeftum. Jafnframt er gefið yfirlit yfir það hvernig framangreind þátttaka bankanna á samkeppnismörkuðum horfir við samkeppnislögunum, hvernig ríkisstyrkjareglur tengjast viðfangsefninu og hvernig brugðist hefur verið við málum að þessu tagi hingað til.

http://www.samkeppni.is/samkeppni/upload/files/skyrslur/ymsar_skyrslur/bankar_og_endurskipulagning_fyrirtækja_stefnumorkun.pdf

Aðgerðir Seðlabanka Íslands

Miklar breytingar urðu á starfsemi Seðlabankans á sl. ári með nýjum lögum um Seðlabanka. Auk nýrrar stjórnar bankans var skipuð peningastefnunefnd, sem hélt sinn fyrsta fund í marsmánuði 2009. Samtals hélt nefndin 9 fundi á árinu 2009 (einn peningastefnufundur hafði verið haldinn áður en nefndin tók til starfa). Þá hafa verið haldnir 2 fundir á þessu ári. Peningastefnunefndin hefur markað sér reglur um starfshætti, sem birtar eru á vef bankans. Með stöðugleika krónunnar og hjöðnun verðbólgu að leiðarljósi hefur nú tekist að lækka vexti bankans um 10 prósentur, án þess að tefla markmiðum peningastefnunnar í tvísýnu, en virkir vextir bankans hafa lækkað enn meira. Unnið er að langtímastefnumótun á sviði peningamála í Seðlabankanum. Fyrsta skref þeirrar vinnu er álit sem Seðlabankinn skilaði forsætisráðherra álitum hinn 30. júní 2009.

Frá hrúni bankakerfisins hafa gjaldeyrishöft einnig stutt við markmiðið um gengisstöðugleika. Á sl. ári voru tvívegis gerðar breytingar á reglum um gjaldeyrismál er miða að því að koma í veg fyrir að farið sé í kringum gjaldeyrishöftin. Þá hefur eftirlit og framfylgd verið hert til muna með stofnun gjaldeyriseftirlits sem sjálfstæðrar einingar í Seðlabankanum. Gjaldyriseftirlitið hefur nú þegar tilkynnt fjölda mála til Fjármálaeftirlitsins. Hinn 5. ágúst var lögð fram áætlun um afnám gjaldeyrishafta, þar sem gert var ráð fyrir því að fyrsta skrefið, afnám hafta á innstreymi fjármagns, yrði tekið fyrir 1. nóvember 2009. Gengu þau áform eftir.

Á meðal eftirkasta hrunsins er að Seðlabankinn hefur þurft að verja umtalsverðum mannafla til þess að sinna eignum sem bankinn tók að veði gegn lánnum til hinna föllnu banka. Seðlabankinn hefur framselt kröfur að fjárhæð 345 ma.kr. til ríkissjóðs, sem greiddi fyrir kröfurnar með útgáfu 270 ma.kr. skuldabréfs. Seðlabankinn og fjármálaráðuneytið hafa gert með sér samning um stofnun sérstaks eignarhaldsfélags um ráðstöfun þessara eigna, Sölvhóls og ESÍ ehf.

Seðlabankinn hefur unnið með Fjármálaeftirlitinu og viðkomandi ráðuneytum að lausn margvíslegs vanda í fjármálakerfinu. Endurfjármögnun sparisjóða með skuldbreytingum í Seðlabankanum er nú komin á lokastig. Á meðal annarra áfanga á sviði fjármálastöðugleika og greiðslukerfa, sem náðst hafa undanfarið ár, má nefna.

- Viðbúnaðarsamningur Norður- og Eystrasaltslanda (e. Cooperation Agreement on cross-border financial stability, crisis management and resolution) var undirritaður 21. janúar sl.
- Reglur um greiðsluuppgjör kortaviðskipta til að draga úr uppgjörsáhættu voru settar 1. desember 2009.
- Stuðningsyfirlýsingar Seðlabankans við útgefendur greiðslukorta voru afnumin í desember 2009.
- Gengið var frá samningi um beina aðild Clearstream að stórgreiðslukerfinu sem kom til framkvæmda 1. febrúar 2010.
- Samstarfsvettvangur um greiðslumiðlun hefur verið undirbúinn. Hann miðar að auknu upplýsingastreymi til hagsmunaaðila og stjórnvalda. Verkefnahópar hafa verið skipaðir um helstu þætti innlendar og erlendar greiðslumiðlunar.
- Í október 2008 fluttist 85-90% allrar erlendar greiðslumiðlunar bankakerfisins til Seðlabanka Íslands. Í samvinnu við nýju bankana hefur verið unnið að endurskipulagningu og enduruppbyggingu erlendar greiðslumiðlunar innan viðskiptabankanna og nú er svo komið að mestur hluti erlendar greiðslumiðlunar hefur verið fluttur að nýju yfir til viðskiptabanka.
- Niðurstöður úr rannsókn á skuldastöðu heimila og fyrirtækja voru birtar í september 2009. Þær niðurstöður gagnast bæði við mat á eignasafni fjármálafyrirtækja og við stefnumótun stjórnvalda á öðrum sviðum.

Mikilvægur þáttur efnahagsáætlunar stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er uppbygging gjaldeyrisforða. Með fyrstu endurskoðun efnahagsáætlunarinnar í lok október 2009 var tekið mikilvægt skref í þá átt að styrkja forðann og endurheimta traust á íslenska ríkið og efnahagsmál landsins. Með annarri endurskoðun sem fyrirhugð er 16. apríl nk. verða tekin enn frekari skref.

Uppbygging forða og fjármögnun ríkissjóðs eru nátengdir þættir efnahagsáætlunarinnar. Eftirfarandi áfangar hafa náðst á því sviði eða eru í sjónmáli:

- Samkomulag um mál sem tengjast viðskiptum íslenskra banka við ECB er í burðarliðnum. Samkomulagið er mikilvæg forsenda þess að hægt sé að taka næstu skref við að leysa gjaldeyrishöftin.
- Gerð hefur verið greining á lausafjárstöðu ríkissjóðs og Seðlabankans í erlendum gjaldmiðlum.

- Gerð hefur verið langtímaáætlun í lánamálum ríkissjóðs (með fjármálaráðuneyti).

Endurskoðun reglna um viðskipti Seðlabankans við fjármálastofnanir lauk á árinu 2009.

III. Breytingar á stjórnkerfinu og stjórnsvsluháttum.

Nýtt ráðuneyti, efnahags- og viðskiptaráðuneyti var sett á stofn 1. október sl. Markmið með breytingunni var að styrkja viðskiptaráðuneytið sem ráðuneyti efnahagsmála og fækka þeim ráðuneytum sem koma að stjórnun efnahagsmála. Byggist breytingin m.a. á tillögu Kaarlo Jännäri, fyrrverandi forstjóra finnska fjármálaeftirlitsins. Breytingin fól í sér að verkefni á sviði efnahagsmála voru flutt úr forsætis- og fjármálaráðuneytum til efnahags- og viðskiptaráðuneytis, þ. á m. málefni Seðlabanka Íslands og Hagstofunnar. Eftir breytinguna falla þannig undir sama ráðuneytið Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands og ætti það að auðvelda samþættingu í störfum þessara tveggja stofnana og styrkja eftirlit með fjármálamarkaðnum.

Þá var í tengslum við flutning málefna Hagstofu Íslands til efnahags- og viðskiptaráðuneytis sett upp ný sjálfstæð rannsóknareining innan Hagstofunnar, sem fylgist með afkomu þjóðarbúsins, semur þjóðhagsspár og áætlanir og birtir opinberlega. Sú eining er einnig aðskilin frá hagsýslustarfsemi Hagstofunnar.

Stjórnskipulagi Seðlabanka Íslands hefur verið breytt með breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands. Forsætisráðherra skipaði í júní 2009 Mát Guðmundsson í embætti Seðlabankastjóra og Arnór Sighvatsson í embætti aðstoðarseðlabankastjóra. Þá hefur verið skipuð peningastefnunefnd sem tekur ákvörðun um beitingu stjórnþækja bankans í peningamálum, m.a. vaxtaákvarðanir, ákvörðun um bindiskyldu og viðskipti á gjaldeyrismarkaði sem hafa það að markmiði að hafa áhrif á gengi krónunnar.

Ný stjórn Fjármálaeftirlitsins var skipuð í febrúar 2009 og nýr forstjóri, Gunnar Þ. Andersen, tók til starfa í apríl 2009.

Í kjölfar hrunsins hefur ráðuneytið einnig leitast við að bæta enn þá stjórnsvsluhætti sem viðhafðir eru í ráðuneytinu. Tekur það m.a. til þess að bætt er skráning gagna í málskrá t.d. er varðar gögn sem afhent eru á fundum ráðherra. Þá eru haldnir vikulegir verkefnafundir nú með ráðherra, þar sem ákvarðanir eru settar í fundargerð, sem sett er í málaskrá.

IV. Kynningar og fundir

Fundir til kynningar á stöðu Íslands með erlendum aðilum

Ráðherra hefur tekið á móti fjölda erindreka erlendra ríkja til þess að kynna stöðu Íslands og efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, þar á meðal sendiherrum, sendinefndum þjóðþinga og fulltrúum fjármálastofnana. Einnig hefur ráðherra heimsótt Bandaríkin, Bretland, Svíþjóð og Finnland til þess að funda með embættismönnum og fjármálastofnunum til kynningar. Áformaðar eru fleiri ferðir m.a. til Noregs og Danmerkur þar sem ráðherra hittir embættismenn viðkomandi ríkja, fulltrúa fjármálastofnana og heldur opna fyrirlestra um stöðu Íslands.

Þann 26. – 27. febrúar 2009 hélt ráðherra fyrirlestra við Harvard og Yale háskóla undir yfirskriftinni „Recovery from a very hard landing.“ Fyrirlesturinn er aðgengilegur á vef ráðuneytisins:

<http://www.efnahagsraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar-GM/nr/3017>

Þann 8. – 9. apríl 2010 hélt ráðherra fyrirlestra á ráðstefnu Íslensk-ameríska verslunarráðsins við Norræna húsið New York og á vegum Íslendingafélagsins í Seattle við Norræna safnið í Seattle undir yfirskriftinni „Icelandic economy and outlook“. Glærur af fyrirlestrunum eru aðgengilegar á vef ráðuneytisins:

<http://www.efnahagsraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar-GM/nr/3043>

Opinn fundur um eftirlit, aðhald og ábyrgð á fjármálamarkaði

Föstudaginn 29. janúar 2010 boðaði efnahags- og viðskiptaráðuneytið til morgunfundar í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins. Tilfni fundarins var að kynna ýmsar þær umbætur og breytingar sem stjórnvöld hafa gert á undanförunum mánuðum til þess að bæta regluverk fjármálamarkaðar og endurmeta hlutverk eftirlitsaðila. Efnahags- og viðskiptaráðherra kynnti frumvarp til laga þar sem brugðist er við þeim ábendingum sem fram hafa komið um auknar valdheimildir eftirlitsaðila, ábyrgð stjórnenda fjármálafyrirtækja og virkari takmarkanir á áhættu og hagsmunatengslum. Þá kynntu eftirlits- og ábyrgðaraðilar sem gæta hagsmuna almennings á fjármálamarkaði þau verkefni og markmið sem þessir aðilar vinna að. Fundurinn var öllum opinn og sóttu hann á annað hundrað manns.

Erindi fluttu auk ráðherra Tryggvi Pálsson framkvæmdastjóri fjármálasviðs Seðlabankans, Gunnar Andersen forstjóri Fjármálaeftirlitsins, Páll Gunnar Pálsson forstjóri Samkeppniseftirlitsins, Elín Jónsdóttir forstjóri Bankasýslu ríkisins, María Thjell formaður eftirlitsnefndar um sértæka skuldaaðlögun

og Brynhildur Georgsdóttir umboðsmaður viðskiptavina Arion banka. Erindi flutt á fundinum eru aðgengileg á vef ráðuneytisins.

<http://www.efnahagsraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/3012>

Fyrirlestur um efnahagslega stöðu í sögulegu og alþjóðlegu samhengi

Fimmtudaginn 25. mars 2010 hélt ráðherra fyrirlestur í Háskóla Íslands um stöðu Íslands í sögulegu og alþjóðlegu tilliti undir yfirskriftinni „Fyrst inn – fyrst út“. Fyrirlesturinn er aðgengilegur á vef ráðuneytisins.

<http://www.efnahagsraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar-GM/nr/3033>

V. Mál í undirbúningi

Endurskoðun á lögum um Seðlabanka með víðtæku samráði

Í ræðu sinni á ársfundi Seðlabankans 25. mars 2010 tilkynnti ráðherra að hann hygðist beita sér fyrir endurskoðun á lögum um Seðlabanka Íslands sem miði að því að tryggja sjálfstæði Seðlabankans enn betur, skýra til framtíðar markmið bankans og endurskoða þau tæki sem bankinn getur beitt við að ná þeim. Síðar verður svo lagt í nauðsynlega vinnu til að skipuleggja framtíðarfyrirkomulag samstarfs bankans við systurstofnun sína, Fjármálaeftirlitið, og verkaskiptingu á milli þessara tveggja stofnana sem hvor um sig gegnir lykilhlutverki á íslenskum fjármálamarkaði. Víðtækt samráð verður haft við alla hlutaðeigandi í þessari vinnu til að stuðla að sátt um niðurstöðuna.

Skýrslur um verðtryggingu og efnahagsmál í víðara samhengi

Ráðuneytið hefur látið vinna skýrslu um kosti og galla verðtryggingar á Íslandi og mun ráðherra kynna efni hennar á opnum fundi viðskiptanefndar, sem stefnt er að því að verði haldinn eftir að þing kemur saman að loknu páskaleyfi.

Ráðuneytið vinnur einnig að skýrslu um efnahagsstefnuna til skemmri og lengri tíma sem áætlað er að liggi fyrir snemma í vor. Skýrslan er m.a. unnin í tengslum við vinnu sem fram fer á vegum ráðuneytanna undir yfirskrift Sóknaráætlunar 20/20 en ætlunin er að slíkar skýrslu verði gefnar út reglubundið af ráðuneytinu.